



1. útgáfa 25.08.2014

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **24117 HENKEL Super Glue**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Sýanákrýlatlím
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili: **Bilanaust ehf.** Framleiðandi: Henkel Norden AB
Dalvegur 10-14 Box 151 22
201 Kópavogur S-16715 Bromma
Svíþjóð
Sími: 535 9000 00-46-10-480-7700
Netfang: bilanaust@bilanaust.is ua-productsafety.uk@uk.henkel.com
Veffang: www.bilanaust.is www.henkel.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert. 2
H319	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum	SEM-VES 3

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):

Xi, Ertandi H36/37/38 Ertir augu öndunarferi og húð

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn



Viðvörðunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar H315 Veldur húðertingu
H319 Veldur alvarlegum augnskaða
H335 Getur valdið ertingu í öndunarferum
EUH202 **Sýanákrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.**

Varnaðarsetningar P261 Andið ekki að ykkur gufu
P302+P350 BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið varlega með mikilli sápu og vatni.
P305+P351+P338 BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur.
Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

Merking skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):

Varnaðarmerki Xi



Hættusetningar H36/37/38 Ertir augu öndunarfæri og húð

Varnaðarsetningar
V2 Geymist þar sem börn ná ekki til
V23 Varist innöndun gufu
V24/25 Varist snertingu við húð og augu
V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis

Önnur merking: **Sýanákrýlat**, Hætta, Límir húð og augu á svipstundu. Geymið þar sem börn ná ekki til

2.3 Aðrar hættur: Engar við ætlaða notkun.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

3.2 Blöndur: Sýanákrýlatlím

Etýl-2-sýanákrýlat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119527766-29	Innihald %	>80 - <100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	230-391-5	H-setningar	H36/37/38
CAS	7085-85-0	Flokkun, hættumerking	Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, SEM-VES 3 - H335			

Hýdrókinon			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	<0,1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, Xn, N,
EINECS, ELINECS	204-607-8	H-setningar	H22, H40, H41, H43, H50, H68
CAS	123-31-9	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu, Carc.3, Muta.3
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 (inntaka) - H302, Húðnæm.1 - H317, Augnskað.1 - H318, Stökkbr.2 - H341, Krabb.2 - H351, Bráð eit.á vatn - H400			

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119496065-33	Innihald %	<1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	204-327-1	H-setningar	-
CAS	119-47-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.á æxlun 2 - H361, Langv.eit.á vatn 4 - H413			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð Losið ekki límdu hörundsflieti sundur með afli. Notið óskaðlegt áhald, ásamt volgu sápuvatni, til að losa líminguna með varúð. Sýanákrýlöt gefa frá sér varma við hörðnun. Stórir dropar sem falla á húð geta myndað brunabletti. Þeir skulu meðhöndlaðir á venjulegar hátt eftir að líming hefur verið losuð. Límist varir, skal væta þær með volgu vatni og beita léttum þrýstingi með tungu og munnvatni og losa líminguna rólega.

Snerting við augu Leggið strax volgan rakan klút á augað. Sýanákrýlöt bindast við eggjahvítuefni í augum, sem eykur táramyndun og auðveldar losun límingar. Hafðið bakstur á augum þar til áhrifa límsins gætir ekki lengur (1-3 dagar). Þvingið augnlok ekki upp. Leitið læknis ef límkorn bak við augnlok valda ertingu.

Inntaka Tryggið að öndunarvegur sé opin. Varan fjölliðast samstundis í munni og því nánast ómögulegt að kyngja. Munnvatn leysir upp harðnaða vöruna á nokkrum klukkustundum.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við augu Veldur alvarlegri augneringu.
Snerting við húð Roði, bólgur.
Öndunarfæri Erting, hósti, andnaud, þyngsli fyrir brjósti.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, ertandi lífrænar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið persónuhlífar. Forðist snertingu við húð og augu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Safnið upp með ísogsefnum svo sem sandi, sagi, jarðvegi eða kísilgúr.
Setjið upphreinsað efni í vel lukt og merkt ílát, safnið tómunum umbúðum, og fargið sbr. 13.lið.
Hörðnuðu efni má farga sem hættulausum úrgangi.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki og neytið einskis meðan á vinnu með vöruna stendur.
Forðist alla snertingu við húð og augu.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á kældum, þurrum, vel loftræstum stað (2-8°C), alls ekki yfir 30°C. Varan má ekki frjósa. Geymið fjarri matvörum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Lím (Super glue).

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Etyl-2-sýanóakrylat			0,3	1,5	EH40 WEL
Hýdrókinon		0,5			EH40 WEL

Etýl-2-sýanóakrýlat					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma staðbundið	DNEL	9,25	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	9,25	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma staðbundið	DNEL	9,25	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	9,25	mg/m ³

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Notið efnahelda hanska úr nitrílgúmmí (EN 374, skiptið oft um hanska).

(skammtímanotkun >30 mín, verndarstuðull 2 >0,4 mm þykkt, langtímanotkun >480 mín, verndarstuðull 6 >0,4 mm þykkt.)

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, skal nota öndunargrímu með samsettri síu af gerð ABEKP.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Litlaus
Lykt:	Ertandi
Suðumark:	>100°C
Blossamark:	80-93,4°C
Gufuþrýstingur:	<0,5 mbar
Eðlismassi:	1,05 g/cm ³
Vatnsleysni:	Fjölliðast í snertingu við vatn.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Kröftug útvermin fjölliðun í snertingu við vatn, amín, basa og alkóhól.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Sjá lið 10.1.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sjá lið 10.1.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð og koldíoxíð

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Varan er flokkuð samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um eiturrif innihaldsefna eins og þau eru skilgreind í flokkunarreglum fyrir efnablöndur í hverjum hættuflokki, skv. Viðauka 1 við reglugerð 1272/2008 EB.

Fólk með ofnæmi gagnvart akrýlötum ætti að forðast snertingu við vöruna.

Bráð eiturrif við innöndun

Ertir öndunarfæri.

Húðerting

Ertir húð. Límir hörund samstundis.

Augnerting

Veldur alvarlegri augnertingu.

Etýl-2-sýanoákrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		Væg erting	24 klst	kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Ertandi	72 klst	kanína	OECD 405
Næming húð/öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD476/473/471

Hýdrókínón					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	367	mg/kg	rotta	OECD 401
Næming húð/öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			EU Aðferð B.13/14
Endurtekin eiturrif	NOAEL	250	mg/kg	rotta	OECD 407

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Varan er flokkuð samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um eiturrif innihaldsefna eins og þau eru skilgreind í flokkunarreglum fyrir efnablöndur í hverjum hættuflokki, skv. Viðauka 1 við reglugerð 1272/2008 EB.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

12.1 Eiturrif:

Etýl-2-sýanoákrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Právirgni og niðurbrot					Loftháð 57% (OECD 301D)
Uppsöfnun í lífverum					Log Kow = 0,776 við 22°C (EU aðferð A 8)

Hýdrókínón					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC ₅₀	0,17 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrif	EC ₅₀	0,29 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrif	EC ₅₀	0,335 mg/l	3 d	Þörungar	OECD 201
Právirgni og niðurbrot		75-81%	10 d		EB Aðferð C.4-E
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	1,03			

Bis(2-hýdroxý-3-tert-bútýl-5-metýlfenýl)metan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC ₅₀	>500 mg/l	48 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrif	EC ₅₀	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrif	EC ₅₀	>1000 mg/l		Þörungar	OECD 201
Právirgni og niðurbrot		0%			OECD 301 F
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	6,24			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokk(um): 08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur
IATA:	
UN Númer	3334
Efnisheiti v. flutninga:	AVIATION REGULATED LIQUID N.O.S. (CYANOACRYLATE ESTER)
Hættuflokkur:	9
Pökkunarflokkur:	III
Pökkunarfyrirmæli	Engar flutningstakmarkanir gilda fyrir umbúðir sem innihalda undir 500 ml.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII.
VOC innihald (1999/13/EC) 0%.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H22	Hættulegt við inntöku
H36/37/38	Ertir augu öndunarfæri og húð
H40	Getur hugsanlega valdið krabbameini
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H50	Mjög eitrað vatnalífverum
H68	Getur valdið varanlegu heilsutjóni
H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H341	Grunað um að valda erfðagöllum
H351	Grunað um að valda krabbameini
H361	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H413	Getur haft langvinn, skaðleg áhrif á líf í vatni

Útgáfa: 1
Dags: 25.08.2014

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarléiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **HENKEL NORDEN AB**
Safety data sheet according to Regulation (EC) No 1907/2006 (436570)
LOCTITE SUPER GLUE PRECISION

Útgáfa: 17.12.2013 V002.0